



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 143/1035
komudagur 11.2.2014

Reykjavík 11.2.2014

Umsögn vegna þingmáls nr. 213 á 143. löggjafarþingi

Færsla eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (forræði rafmagnsöryggismála).

Rafiðnaðarsambandi Íslands barst ósk um umsögn frá Alþingi vegna þingmáls 213 er fjallar m.a. um flutning á eftirliti með rafföngum frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar. Árið 2009 var rafmagnsöryggiseftirliti skipt niður á tvær stofnanir, Neytendastofu og Mannvirkjastofnun. Mannvirkjastofnun fer m.a. með eftirlit á fasttengdum rafföngum sem tilheyra mannvirkjum en Neytendastofa fer með eftirlit á rafföngum sem ekki eru fasttengd. Það að dreifa eftirliti á fleiri en einn stað getur dregið verulega úr gagnsæi fyrir neytendur um það hvert skuli leita þurfi þeir ráðleggingar eða aðstoðar við. Skilvirkni kerfisins verður minni með því fyrirkomulagi og geta skýrslugjafir orðið flóknari fyrir vikið. Í einhverjum tilfellum getur þurft að skila skýrslum á fleiri en einn stað eingöngu vegna uppbyggingar stofnanna án þess að auka öryggi neytenda.

Því teljum við það skref í rétta átt að allt eftirlit sé á hendi einnar stofnunar, Mannvirkjastofnunar, enda lykilatriði að eftirlitið sé með sem bestum hætti og sé sem skilvirkast. Því leggjum við til að frumvarp þess efnis verði samþykkt.

Varðandi breytingu á lögum nr. 135/2007, *um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli*, er gert ráð fyrir að tilkynningaskylda færist yfir til Mannvirkjastofnunar (á þeim tíma Neytendastofu) og er ekki gerð athugasemd við því að heiti stofnunar sé leiðrétt. Þó gerum við alvarlega athugasemd við framkvæmd þessara laga þar sem í fyrsta lagi er vikið frá öryggiskröfum íbúðarhúsnæðis hvað varðar notkun raflagna sem og notkun rafbúnaðar sem ekki er gerður fyrir íslenskan markað og uppfyllir ekki lög og reglugerðir sem almennt gilda hér á landi. Löggin gera ráð fyrir að verkáætlan sé lögð fram um hvernig endurnýjun raflagna og rafbúnaðar eigi að fara fram. Sett eru tímamörk sem eru löngu liðin og er verkefninu ekki lokið að öllu leyti. Því ætti að krefjast þess að úttekt verði gerð á svæðinu þar sem staðan er skráð og úrbætur verði gerðar samstundis.

Þá telur RSÍ rétt að benda á varðandi tilvísun til reglugerðar í 2. gr. umræddra laga að sú tilvísun er ekki rétt. Reglugerð nr. 264/1971 hefur verið felld úr gildi. Gildandi reglugerð er nr. 678/2009. Réttast væri þó að vísa til laga nr. 146/1996, en hæfniskröfur til löggildingar rafverktaka voru lögfestar með lögum nr. 160/2010. Gerir RSÍ því þá tillögu að tilvísun í 2. gr. verði uppfærð til samræmis við þetta og að vísað verði til laganna.


Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands